

**Ed.**

**755. Breytingartillögur**

[231. mál]

við frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. og orðist svo:

Aftan við 11. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stig hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. málsg. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

2. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr. og orðist svo:

Á eftir 1. málsg. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

3. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:

1. töluliður 1. málsg. 25. gr. laganna falli niður.

4. Í stað 2. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970—1980 skulu gilda frá 1. janúar 1980 að telja.